

Nd.

### 59. Nefndarlátt

í málinu um kaup á Vestmannaeyjasímanum.

Nefndin hefir athugað málið, og komist að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að samþykkja frumvarpið. Það litur út fyrir það, eftir þeim skýrslum, sem nefndin hefir aflað sjer, að sími þessi með talsímakerfinu í Vestmannaeyjum, muni gefa góðan arð. Tekjur símans fyrir fyrsta árshelming (starfsár) voru, að frá-dregnum hreinum starfrækslukostnaði, um 4500 kr., en áætlað að hann verði má ske nokkuru minni síðari helming þess árs. Það virðist þegar komin raun á um það, að bilunarhætta sje ekki mikil á síma þessum. Hún ætti að vera mest fyrsta árið.

Nefndin hefir fengið skýrslur um það, að síminn hefir kostað alls 46550 kr., og kemur þessi kostnaðarauki fram yfir þann kostnað, er talinn er í athuga-sem-dunum við stjórnarfrumvarpið, fram við það, að talsímakerfið í Eyjunum hefir orðið að auka mjög fram yfir það, er áætlað var í fyrstu. En auðvitað hefir sú aukning tiltölulega mikinn hagnað í för með sjer.

Eftir atvikum sýnist nefndinni ekki rjett, að síminn sje tekinn af fjelagi því, er á hann, fyrir minna fje en hann kostar það, að viðbættu álagi, sem nefndin vill að tiltekið sje 1500 kr.

Samkvæmt þessu leyfir nefndin sjer að ráða hinni heiðruðu deild að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum:

- Í 1. gr. í stað orðanna: »samkvæmt ákvæðum«, og greinin til enda, komi: fyrir  
bókfært verð, að frádregnum 1500 krónum í álag.  
Í 2. gr. í stað »45000 kr.« komi: 45150 kr.

Neðri deild Alþingis, 24. júlí 1912.

Jóh. Jóhannesson,  
form.

Jón Magnússon,  
skrif. og framsögum.

Einar Jónsson.

Stefán Stefánsson.

Halldór Steinsson.